



## IOTA Fundargerð

Hinn árlegi bókafundur var haldinn 13. janúar 2020 kl. 18:30 á heimili Barböru. Fundurinn hófst með að kveikt var á kertunum, konum var þakkað samstarf og samvera á síðasta ári ennfremur var þeim óskað alls hins besta á nýju ári með von um gott samstarf á nýju ári.

Boðið var uppá súpu, brauð, kaffi og sætt með.

Þá hófst yfirferð áhugaveðra bóka. Margt hefur verið lesið og einstaklega ánægjulegt að hlýða á frásagnir og endursagnir systranna.

11 konur mættu á fundinn. Um leið og slökkt var á kertunum og fundi slitið var þakkað fyrir góðan fund og Barböru þakkað fyrir að taka á móti okkur handleggsbrotin.

### Bókalistinn 2020

- Einn af okkur – Ásne Seierstad. Sagan af Anders Behring Breivik. Mjög góð sannsöguleg saga, byggð á rannsóknum frá voðaverkunum í Útey .
- Menntuð – Tara Westover. Segir frá stelpu sem er alin upp á ruslabúgarði ásamt foreldrum og sex systkinum. Börnin ganga ekki í skóla og ekki var farið til læknis. Pabbinn er dómínerandi, bróðirinn ofbeldisfullur og mikil meðvirkni á heimilinu. Stúlkan vill læra og kemst í háskóla.
- Alias Grace – Margit Adhood. Sannsöguleg saga af stúlku sem býr á Írlandi ásamt fjölskyldu sinni. Þau flytja til Kanada, þar missir hún móður sína 14 ára gömul, þarf þá að taka að sér móður hlutverkið. Síðar sökuð um morð og sett í fangelsi fyrir lífstíð. Það eru þættir á Netflix um þessa sögu.
- Svíalogn – Viveca Sten. Frekar langdregin. Það finnst lík af ungri stúlku, inn í þennan líkfund fléttast erfðamál.
- Dauðinn er barningur (Augustora)– Khaled Khalifa – segir frá þremur systkinum sem flytja lík föður síns til heimabæjar hans. Þau eru lengi á gangi á göngunni rifja þau upp æskuminningar, þá kemur í ljós að sjarmi æskuáranna er ekki eins mikill og þau héldu. Saga skrifuð fyrir Sýrlendinga
- Síðasta stúlkan – Nadia Murad. Þýðandi Herdís Hubner. Endurminningabók. Áhrifamikil en ekki ógeðsleg.
- Innflytjandinn – Ólafur Jóhann Ólafsson. Auðlesin bók. Hildur sem býr í New York kemur til Íslands með ösku vinar síns. Margskonar fléttur um mismunandi menningu og trúarbrögð.
- Hvað er svona merkilegt við að vera biskupsfrú – Hildur Hákonardóttir. Leitað eftir hvaða konur voru biskupsfrú. Flestar voru af vel stæðum ættum. Bókin er byggð upp á samtölum. Vel skrifuð bók.
- Sextíu kíló af sólskini – Hallgrímur Helgason. Frábær bók sem allir ættu að lesa.
- Ég er að spá í að slúttu þessu – Ian Reid. Spennusaga.
- Vonarland – Kristín Steinsdóttir. Góð lýsing á stöðu þvottakvennanna í Reykjavík.

- Tilfinningabyltingin – Auður Jónsdóttir. Ágætlega skrifuð bók, rennur fínt en nokkuð hæg um miðja bók. Umfjöllun um þegar leiðir skilja.
- Smáa letrið – Linda Vilhjálmisdóttir, ljóðabók. Flott og vel skrifuð bók.
- Sólarhringl -Huldar Breiðfjörð. Skemmtilegur penni. Smá rannsókn á skammdegisþunglyndi.
- Ína – Skúli Thoroddsen. Alveg ágæt lesning. Segir frá atburði sem átti sér stað við Öskju 1907. Ferðalag í gegnum íslenskt sumar.
- Konan í hvarfpunkti (Augustora)– Nawal El Saadawi. Gefin út sem skáldsaga en líklega raunsönn lýsing. Átakanleg
- Jakobína: saga skálds og konu – Sigrún Kristín Þorgrímsdóttir fjallar um líf og starf móður sinnar í gegnum ímyndað samtal þeirra. Mikið fjallað um fólkið í kringum hana. Góð lesning. Hefði mátt vera betri heimildarvinna.
- Lífsgrös og leyndir dómur – Ólína Þorvarðardóttir. Heimildabók um sögu læknisfræðinnar
- Allar lífsins lygar – Liane Moriarty (þættirnir: Big Little Lies) Ung kona fer inn í mótað samfélag. Mismunandi sjónarhorn sögupersónanna á sama atburð.
- Leyndarmál eiginmannsins – Liane Moriarty.
- Vetrargulrætur – Ragna Sigurðardóttir. Lofar góðu
- Leitinn að tilgangi lífsins – Viktor E. Frankl. Frábær, skyldulesning.
- Bókasafn föður míns – Ragnar Helgi Ólafsson. Þegar Ragnar fer í gegnum bókasafn föður síns kvikna minningar og hugleiðingar um bækurnar. Fallegt letur og litir. Frábær bók.
- Tíminn og vatnið – Andri Snær Magnason. Vel skrifuð og innihaldsrík, skyldulesning
- Bækur Mikæls Torfasonar – Týnd í paradís og Bréf til mönnu, fjölskyldusaga hans, þetta er saga vottanna eins og þeirra eigin. Í þessu samhengi var minnst á þætti Mikæls „Sendur í sveit“ góðir þættir.
- Konan í dalnum og dætur hennar sjö – Guðmundur G. Hagalín. Ævisaga Monuku á Merkigili, fjallar um lífsstíð og þrekaunir fólksins á síðasta bænum í dalnum.
- Jólasysturnar – Sarah Morgan. Fjölskyldusaga, hrifnæm og vel skrifuð.